

Arnarlax hf.
Strandgötu 1
465 Bíldudalur

Reykjavík, 10. ágúst 2021
UST202103-128/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 28.6.2021 hjá Arnarlaxi hf., Gileyri.

Þann 22. og 28. júní sl. fór fram eftirlit í seiðastöð Arnarlax, Gileyri. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun varðandi eldra frávik og voru áætluð verklok á árinu 2021. Í bréfi dags. 5. nóv 2020 óskaði Umhverfisstofnun eftir því að upplýsingar um framvindu og nánari tímasetningar yrðu sendar eftirlitsaðila fyrir 1. júní sl. Slíkar upplýsingar hafa ekki borist. Umhverfisstofnun óskar því eftir því að upplýsingarnar verði sendar eigi síðar en samhliða tímasettri úrbótaáætlun vegna neðangreindra frávika, sem skráð voru í eftirliti 2021, eða eigi síðar en 1. september nk.

Fimm ábendingar voru gerðar í eftirlitinu en þrjú frávik komu fram er varða:

1. 12. gr. efnalaga nr. 61/2013. Við geymslu efna skal sýna fyrirbyggju aðgát og varkárni þannig að fyrirbyggja megi skaða á heilsu og umhverfi. Rekstraraðili geymir tunnur með formaldehyði og síru á trébrettum en engar lekavarnir eru til staðar.
2. 12. gr. efnalaga nr. 61/2013. Rekstraraðili skal við geymslu efna sýna fyrirbyggju og varkárni til að fyrirbyggja skaða á heilsu og umhverfi. Maurasýrutankur (bambi) stendur opinn úti og er ekki varinn fyrir veðri né vindum.
3. 41. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi á landi. Öruggar mengunar-, áreksturs, eld- og slysavarnir skulu tryggðar við rekstur neyslugeyma. Tveir olúgeymar eru á athafnsvæði, báðir við akstursleiðir og án árekstravarna. Annar geymirinn er hvorki tvöfaldur né stendur í lekaþró.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 1. september 2021.

Virðingarfyllst

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur